



# Landsfundir – rekstur 1969 – 1970, ódagsett

Bjarni Benediktsson – Stjórnsmál – Rekstur flokksins 1970 með yfirlit fyrir árin 1967-1969 –  
Landsfundur 1969 – Ódagsettir fundir

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

[bjarnibenediktsson.is](http://bjarnibenediktsson.is)

Einkaskjalasafn nr. 360  
Stjórnsmálamaðurinn  
Askja 2-40, Örk 5

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## M Á L A S K R Á

Við athugun á ályktunum síðasta landsfundar koma helst til athugunar eftirgreind atriði:

M. g. m  
g. g.  
M. g.

1. Raforkumál. Frankvandum verði hraðað sem verða má. Aukið fjármagn vegna aukinnar dýrtíðar.

2. Hagnýting jarðhita. Þan er ekki komin fram heildarlöggjöf sú, sem ríkisstjórninni var fyrir nekkum árum falið að undirbúa, skv. till. Sjálfstæðismanna.

3. Innflutningur bifreiða. Vörubifreiðar engar á pessu ári. Stuðningur við innflutning snjóbila.

4. Afnám afnotagjalds af útvarpstakjum í bifreiðum.

M. g. (nw)  
G. Th.

5. Cistihúsabyggingar. Erlend aðsteð.

6. Ferðamál (frv. G. Thor. o.fl. verður vafalaust endurflutt).

ath. betur  
Fa. frv.  
Jóh. W. m. M. g.

7. Fullkomín dráttarbraut og purrkví, svo að allar skipasmíðar geti orðið frankvændar innanlands.

8. Endurskoðun vinnulöggjafar (einkum hlutfallskosningar, reglur um tilhögun kosninga og tryggður meiri hluti í félagi fyrir samþykkt vinnustöðvunar.)

9. Hlutdeildarfyrirkomulag í atvinnurekstri. (Till. Sj.m. á síðasta þingi verður vafalaust endurflutt).

10. Efling Stofnlánadeildar sjávarútvegsins með eigi minna fjármagni en í upphafi. Útvegin lánsfjár handa Fiskveiðasjóði.

Jóh. W. m. Björk.  
Sj. Ag. Björk.

11. Afnám framleiðslusjóðsgjalds og söluskatts af bátavélum.

Jóh. Óðs.

12. Nýtt dýpkunarskip, sem dalt geti á land möl og sandi.

13. Riflegri afskriftir af verbúum og fiskvinnstatakjum.

B. Óð.

14. Efling hlutatryggingasjóðs. S-1. Aa
15. Aðsteð við útvegsmenn vegna þurrafúa. ?
16. Nýting versíldar og háhyrnings. ?
17. Togarar til atvinnujöfnunar. Hefir verið flutt af M.J. o.fl. og verður endurflutt. M. A.
18. Endurskoðun sveitarstjórnarlaga, einkum ákvæði um fjármál sveitarfélaga. Söluskattur, landsútsvör o.fl. í því sambandi. G. Th.
19. Aðsteð við sveitarfélög við holrusagerð H. G. (frv. áður flutt af Sj.m.) leasir fari
20. Lánamál iðnaðarins. Iðnaðarbakkinn. Iðn-lánaþjóður (frv. um iðnlánaþjóð flutt af J. Rafnar og M.J. á tveimur þingum og verður endurflutt). H. A.
21. Leiðbeiningarstarf í kristnum fræðum í skólum almennt.
22. Sumaratvinna námsmanna. R. W. + S. Ih.
23. Skólastkip.
24. Aukið frjálsraði um námsbókagerð. Bj. Ben
25. Blaðamannaskóli (Till. S.Bj.o.fl. verður S. Bj. vafalaust endurflutt.)
26. Listamannalaun og vísindastyrkir. G. Th.
27. Efling lánaþjóðs stúdenta. Bj. Ben.
28. Skattamálin. Bj. Yl., Þl. Bj., Ing. G. og Jón P.
29. Véðdeild Búnaðarbanks, Stefnlán handa frumbýlingum. Tryggja nægilegt fjármagn. Ræktunarsjóssóðs og Byggingasjóðs.
30. Hagfræilegar athuganir á afkomu landbúnaðarins. Ing. A. + Bj. Göh.
31. Endurskoðuð lagaákvæði um skattmat búpenings. ?
32. Félagsheimilasjóður. Bj. R
33. Íþróttasjóður.

P. JH  
Jón P.  
G. S. A.

34. Heimili fyrir munáðarlaus börn. Vistheimili fyrir afvegaleiddar stúlkur. R. yf.
35. Jafnvægi í byggð landsins (Frv. M.J. o.fl. verður endurflutt). M. g.
36. Fjölgun heila fyrir áfengissjúklinga.
37. Endurskoðun laga um byggingasjóð verkamanna. dýr. gl.
38. Lánsfé til íbúðabygginga.
39. Sjúkrahúsasjóður. I my. g.

## H Á L A S K R Á

Við athugun á ályktunum síðasta landsfundar koma helst til athugunar eftirgreind atriði:

1. Raforkunáл. Frankvandur verði hraðað sem verða má. Aukið fjármagn vegna aukinnar dýrtíðar.
2. Haguyting jarðhita. Þan er ekki komin fram heildarlöggjöf sú, sem ríkisstjórninni var fyrir nekkum árum falið að undirbúa, s.kv. till. Sjálfstæðismanna.
3. Innflutningur bifreiða. Vörubifreiðar engar á þessu ári. Stuðningur við innflutning snjóbíla.
4. Afnám afnotagjalds af útvarpsækjum í bifreiðum.
5. Cistihúsabyggingar. Erlend aðstoð.
6. Ferðamál (frv. G. Thor. o.fl. verður vafalaust endurflutt).
7. Fullkomín dráttarbraut og þurrkví, svo að allar skipasníðar geti orðið frankvandar innanlands.
8. Endurskeðua vinnulöggjafar (einkum blutfallskosningar, reglur um tilhögun kosninga og tryggður meiri hluti í fólagi fyrir samþykkt vinnustöðvunar.)
9. Blutdeildarfyrirkomulag í atvinnurekstri. (Till. S.j.m. á síðasta þingi verður vafalaust endurflutt).
10. Eðling Stofnlánadeilda sjáverðtvegsins með eigi minna fjármagni en í upphafi. Ótvegin lánsfjár handa Fiskveiðasjósi.
11. Afnám framleiðslusjóðsgjalds og söluskatts af bátavélum.
12. Nýtt dýpkunarskip, sem dalt geti á land nöld og sandi.
13. Riflegri afskriftir af verbúðum og fiskviðnastakjum.

14. Efling hlutatryggingasjóðs.
15. Aðsteð við útvegsmenna vegna þurrafúa.
16. Nýting versíldar og háhyrnings.
17. Togarer til atvinnumjófnunar. Þefir verið flutt af M.J. o.fl. og verður endurflutt.
18. Endurskoðun sveitarstjórnarlaga, einkum ákvæði um fjármál sveitarfélaga. Söluskattur, landsútsvör o.fl. í því sambandi.
19. Aðsteð við sveitarfélög við holrusagerð (frv. áður flutt af Sj.n.)
20. Lánanál Íslandsjárlins. Íslandsbankinn. Ísnálasjóður (frv. um ísnálasjóð flutt af J. Rafnar og M.J. Á tveimur þingum og verður endurflutt).
21. Leiðbeiningarstarf í kristnum fræðum í skólam almennt.
22. Sumarvatvinna námsmanna.
23. Skólastíp.
24. Aukið frjálsruði um námsbókagerð.
25. Blaðanannaskóli (Till. S.Bj.o.fl. verður vafalaust endurflutt.)
26. Listamannahalaun og vísindastyrkir.
27. Efling lánasjóðs stúdenta.
28. Skattanálin.
29. Vtúdeild Búnaðarbaikans. Stofaldá handa frumþýlendum. Tryggja umgilegt fjármagn. Rektunarsjóðsóðs og Byggingasjóðs.
30. Hagfráilegar athuganir á afkomu landbúnaðarins.
31. Endurskoðuð lagaukvæði um skattnað búpenings.
32. Félagsheimilasjóður.
33. fpróttasjóður.

34. Heimili fyrir munaðarlaus börn. Vistheimili fyrir afvegaleiddar stúlkur.
35. Jafnvægi í byggð landsins (Fr. N.J. o.fl. verður endurflutt).
36. Fjölgun hala fyrir áfengissjúklinga.
37. Endurskoðun laga um byggingasjóð verka-manna.
38. Lánsfó til fótabygginga.
39. Sjúkrahúsasjóður.

Guðney heima

35443

hl. 11 fimmleif leppr með  
3 haðar  
síml

Tillaga minnihluta skipulagsnefndar

18. Landsfundar Sjálfstæðisflokkins.

3. töluliður IV. kafla.

Miðstjórn er þannig skipuð: Landsfundur kýs formann flokksins og varaformann, sem sjálfkjörnir skulu í miðstjórn. Þingflokkurinn kýs 5 menn í miðstjórn úr sínum hópi. Þá kýs Landsfundur 8 menn til viðbótar úr hópi annarra en Þingmanna flokksins. Sjálfkjörnir eru í miðstjórn formenn landssamtaka innan flokksins, sem stofnuð eru og starfrækt samkvæmt skipulagsreglum hans. Ef formaður skipulagsnefndar og fjármálaráðs eiga ekki sæti í miðstjórn, skal þeim heimilt að sitja á miðstjórnarfundum með málfrelsi og tillögurétt. Deyi landsfundarkjörinn miðstjórnarmaður eða fallist kýs flokksráð annan í hans stað.

W.H.W.  
Guðr. H.  
S. J. G.  
G. J. G.

Tillaga minnihluta skipulagsnefndar 18. landsfundar Sjálfstæðisfloksins.

3. töluliður IV. kafla.

Miðstjórn er þannig skipuð: Landsfundur kýs formann floksins og varaformann, sem sjálfkjörnir skulu í miðstjórn. Þingflokkurinn kýs 5 menn í miðstjórn úr sínum hópi. Þá kýs landsfundur 8 menn til viðbótar úr hópi annarra en þingmanna floksins. Sjálfkjörnir eru í miðstjórn formenn landssamtaka innan floksins, sem stofnuð eru og starfrekt samkvæmt skipulagsreglum hans. Deyi landsfundarkjörinn miðstjórnarmaður eða forfallist kýs flokksráð annan í hans stað.

NA 103F

Landsfundur Sjálfstæðisflokkins 1969 ályktar:

Sjálfstæðisflokkurinn lýsir því yfir, að hann muni beita sér fyrir stofnun almenningshlutafélaga til eflingar atvinnuveganna.

#### Greinargerð

Í árferði, sem við höfum nú, er æskilegt að fjárfesting sé miðuð við það, að peningarnir geti beinlinis haldið áfram í umferð. Mjög er farið að bera á fiskiskorti í heiminum, og kunnugustu menn telja að eftir 1 til 2 ár verði ógerningur að fullnægja eftirspurn eftir fiski. Ísland er eins og móðurskip við fengsæl fiskimið, og er því auðsælt og einskis má láta ófreistað til þess að nýta aðstöðuna sem allra bezt.

Prófessor Guðmundur Magnússon kom að því í sínu ágæta erindi, að nauðsynlegt væri að virkja fjármagnið til þatttöku í atvinnurekstrinum. Prófessorinn undirstrikaði, að þegar fyrirtæki væri komið á ákveðið stig, þá færi allt að ganga betur. Tók hann þar til samanburðar, að eins og mesta orkan fer í flugtak flugvélar, en síðan þegar komið er á loft, þá er flugið léttara, eins væri það með fyrirtæki að þegar ákveðnu lágmarki væri náð þá færi allt að ganga betur.

Til þess að reyna að draga verulegt fjármagn frá einstaklingum til atvinnumálanna er þessi tillaga flutt.

Ingólfur Möller

DRÖG AÐ SJÖRN MÁLAY FIRLYSINGU 18. LANDSFUNDAR

SJÁLFSTÆÐISFLOKKINS

Atjándi landsfundur Sjálfstæðisflokkins leggur áherzlu  
á eftirfarandi grundvallaratriði Sjálfstæðisstefnunnar:

- I. að varðeita og tryggja sjálfstæði og frelsi  
Islands og standa vörð um tungu, bókmennir  
og annan menningarárf Íslendinga
- II. að treysta lýðræði og þingræði
- III. að vinna að viðsýnni og þjóðlegrí umbótastefnu  
á grundvelli einstaklingsfrelsис og athafna-  
frelsис, með hagsmuni allra stéttar fyrir augum
- IV. að beita nútíma þekkingu og tækni, svo að  
auðlindir landsins verði hagnýttar á þágu  
þjóðarinnar
- V. að skapa öllum landsmönum félagslegt öryggi.

Atjándi landsfundur Sjálfstæðisflokkins minnir á þau  
tíamót í framfarasókn Íslendinga, er urðu við valdatöku nú-  
verandi ríkisstjórnar undir forustu flokkins, og þær alhliða  
framfarir, sem stefna og störf stjórnarinnar hafa átt megin-  
þátt í að hrinda í framkvæmd. Landsfundurinn minnir jafnframt  
á, að enda þótt hinum miklu framfarir hafi styrkt og eflt undir-  
stöður þjóðfélagsins í öllum höfuðatriðum, hafa hin einstæðu  
efnahagsáföll á síðustu árum skapað mikla erfiðleika og vanda í  
þjóðarbúskapnum, sem horfast verður í augu við af fullu raunsæi.  
Landsfundurinn telur, að með efnahagsáföllunum og afleiðingum  
þeirra, svo og með þróun alþjóðlegra viðskiptaháttar, hafi  
skapazt ný viðhorf í framfarasókn þjóðarinnar. Því leggur  
fundurinn höfuðáherzlu á það, að fylgt verði eftir þeim ráð-  
stöfunum, sem þegar hafa verið gerðar til styrktar þjóðarbú-  
skapnum, með endurmati á öllum aðstæðum, er miði að því að  
hafin verði ný, skipuleg sókn til stóreflingar framtaki og at-  
vinnulífi þjóðarinnar.

Landsfundurinn lítur á það sem höfuðverkefni Sjálfstæðis-  
flokkins á næstu misserum, að beita sér af alefli fyrir slíkri  
sókn á vettvangi löggjafar, opinberrar stjórnsýslu, fjármála,  
viðskiptamála, menntamála, byggðaþróunar og atvinnumála, svo og  
stuðla að því, að aðilar að vinnumarkaðnum móti með fulltingi

ríkisvaldsins langtímastefnu í meginþáttum kjara- og verðlagsmála, enda er blóMLEgt atvinnulíf ekki aðeins forsendu fullrar vinnu fyrir alla, heldur og grundvöllur almennra efnahagslegra framfara með þjóðinni. Einungis með öflugri forustu og sam-eiginlegu átaki tekst að efla framtak einstaklinganna og sam-taka þeirra og atvinnulífið í heild, svo að þjóðin geti vænzt framvegis, sambærilegra lífskjara og bezt gerast. Þetta er markmið allra Íslendinga, og Sjálfstæðisflokkurinn hefur þær skyldur, sem forustuafl í stjórnnumálum þjóðarinnar, að hafa frumkvæði og forustu um stefnumótun og aðgerðir til að því markmiði verði náð.

Landsfundurinn lítur svo á, að höruðatriði nýrrar sóknar í atvinnumálum, sé að atvinnuvegirnir verði reknir á heilbrigðum og traustum grunni og geti af eigin rammleik byggt sig upp og staðizt kröfur tímans og samanburð við atvinnuvegi annarra þjóða, og að auðlindir lands og sjávar og innlent hræfni verði nýtt til hins ítrasta.

Á næstu árum verður að iðnvæða landið með orku frá fall-vötnum, og jarðhita, nýtingu innlends og erlends hræfnis og stóreflingu útflutnings iðnaðarvara. Í þeirri framvindu eiga Íslendingar óhikað að ganga til samstarfs við erlenda aðila, svo sem aðstæður krefjast.

Á næstu árum verður að breyta verulega fræðslu og menntakerfi þjóðarinnar til að samræma það kröfum þróðaðs nútímapjóð-félags.

Á næstu árum verður að hefja vísindi, rannsóknir og tækni til vefs í íslenzku atvinnulífi.

Landsfundurinn fagnar forustu flokksins í baráttu fyrir stóriðju á Íslandi og eflingu atvinnuveganna almennt, og þeim árangri, sem þegar hefur náðst í þessum eftum. Sá grundvöllur er hinn mikilvægasti og rennir stoðum undir þá nýju sókn í atvinnumálum, sem fundurinn telur að nú sé að hefjast í kjölfar nýrra viðhorfa,

Átjándi landsfundur Sjálfstæðisflokksins telur, að erfiðasti hjallinn sé nú að baki í viðureigninni við efnahags-vandann. Erfiðleikarnir eru ekki allir sigraðir en ný fram-farasókn er hafin. Flokkurinn mun jafnan hafa að leiðarljósi og markmiði þau grundvallaratriði Sjálfstæðisstefnunnar, að hugmyndasköpun, frumkvæði og athafnaþrá einstaklinga sé leyst úr læðingi en ekki drepið í dróma opinberra nefnda og þrúgandi ríkisafskipta umfram þær reglur, sem sérhvert menningarþjóð-félag setur borgurum sínum.

Atjándi landsfundur Sjálfstæðisflokkins vekur athygli íslenzku þjóðarinnar á hinum miklu framförum, sem orðið hafa undir stjórnarforrustu hans s.l. áratug, og leggur jafnframt m.a. áherzlu á eftirfarandi viðfangsefni.

1. Lögð verði megináherzla á alhliða uppbyggingu íslenzkra at atvinnuvega, tækni, vísindi og nútíma stjórnun og skipulagning tekin í þjónustu beirra í vazandi mali. Sjávarútvegur og fiskiðnaður verði efldur með því að tryggja þessari undirstöðu atvinnugrein fullkomnari tæki til þess að framleiða meiri og verðmætari útflutningsvörur úr því hráefni, sem íslenzkir sjómenn afla á fiskimiðunum umhverfis landið og á fjarlægum miðum. Tryggð sé hagkvæm endurnýjun fiskiskipaflotans með byggingu skipa, sem henti jafnt heimamiðum sem fjarlægum miðum. Elfdar séu skipabyggingar innanlands. Jafnframt verði kröftum og fjármagni þjóðarinnar einbeitt að því að byggja upp stórfelldan nýjan útflutningsiðnað, sem byggist á innlendum og erlendum hráefnum, aukinni tækni-menntun, hugkvæmni og vandvirkni íslenzkra iðnreknda, iðnaðarmanna og verksmiðjufólks í iðnaði. Stefnt verði að því að efla íslenzkan landbúnað, þannig að unnt verði að framleiða búvorur, er fullnægi kröfum neytenda. Jafnframt verði lögð áherzla á að gera íslenzkar landbúnaðarvörur samkeppnishæfar á erlendum mörkuðum.
2. Auka þarf skilning almennings á þörfum atvinnuveganna. Áratuga reynsla sýnir, að atvinnulifið getur ekki þróast með skynsamlegum hætti nema atvinnufyrirtækini hafi að-stöðu til að skila eðlilegum hagnaði. Almenn þátttaka almennings og fjöldasamtaka í atvinnurekstrinum er ein af forsendum þess að einkareksturinn blömgist á næsta áratug. Jafnframt lýsir landsfundurinn fylgi við áform um stofnun öflugs fjárfestingarfélags eða félaga er hafi það hlutverk að efla einkareksturinn með hlutafjárfamlögum og lánveitingum og hafa frumkvæði um stofnun nýrra atvinnufyrirtækja. Fundurinn leggur áherzlu á það viðhorf flokkins, að opinber fyrirgreiðsla við atvinnufyrirtæki og borgarana yfirleitt mótið af raunhæfu og rettlátumati á þjóðfélagslegu gildi athafna þeirra, en ekki af fylgi viðkomandi aðila við ákveðinn flokk, svo sem jafnan leiðir af haftakerfi.
3. Viðtækjar ráðstafanir verðar til þess að tryggja útflutningsvörum þjóðarinnar sem öruggasta markaði og hagstæðast verðlag. Í því skyni gerist Ísland aðili að Fríverzlunarbandalaginu (EFTA), enda náist um það hag-

kvæmir samningar, eins og horfur eru á að takist. Jafnframt verði gerðar ráðstafanir til þess að tryggja samkeppnisaðstöðu íslenzks iðnaðar og stuðla að sem fjölbreyttastri iðnþróun í landinu.

4. Sjálfstæðisflokkurinn telur að samkeppni og frjáls verðmyndun tryggi bezt hag neytenda og hagstæðust viðskiptakjör þjóðarinnar. Í samræmi við það beri því aðeins að beita opinberum afskiptum af verðlagi að samkeppni sé ekki fullnægjandi. Sett verði sem fyrst löggjöf um eftirlit með hringamyndun, einokun og verðlagi.
5. Unnið verði að viðtæku samstarfi stjórnvalda, verkalyðssamtaka og atvinnurekenda um útrýmingu atvinnuleysis og að treysta vinnufrið. Brýnasta verkefnið er að tryggja öllum vinnufærum mönum fulla atvinnu. Landsfundur inn fagnar þeim ráðstöfunum, sem ríkisstjórnin hefur þegar gripið til í því skyni að auka atvinnu og forða atvinnuleysi. Skortur á atvinnu er svo alvarlegt vandamál, að landsmenn allir, hvar í flokki sem þeir standa, verða að snúa bökum saman til að ráða niðurlögum þess.
6. Unnið verði áfram að samningu byggðaáætlana fyrir hina ýmsu landshluta til þess að tryggja eðlilega byggðaþróun og sem jafnasta aðstöðu landsmanna í lífsbaráttunni. Unnið verði að því að styrkja sveitarfélögin m.a. með samruna hinna minni sveitarfélaga og endurskoðuð verka-skipting og tekjuskipting ríkis og sveitarfélaga.
7. Lögð verði áherzla á vísindalegar rannsóknir og tilraunir til gróðurverndar. Í því sambandi verði unnið að áframhaldandi framkvæmdum á sviði landsgræðslu. Verði leitað samvinnu við félagasamtök í landinu um aukna þátttöku almennings í gróðurvernd og fegrún landsins. Komið verði upp útvistarvæðum við þéttbýli og þjóðgæðum, þar sem henta þykir og sérstæð náttúrufyrirbrigði vernduð.

8. Unnið verði að því af fremsta megni á alþjóðavettvangi að viðurkenndur verði einkaréttur íslendinga til fiskveiða á landgrunninu. Jafnframt verði lögð aukin áherzla á fiskirækt og friðun fiskistofna við strendur landsins til þess að koma í veg fyrir ofveiði. Fiskirækt í ám og vötnum verði efla og tilraunir hafnar á grundvelli reynslu annarra þjóða með fiskirækt í fjörðum.
9. Á sviði utanríksimála telur flokkurinn enn sem fyrr, að efla beri samtök hinna Sameinuðu þjóða, þannig að þau verði fær um að standa vörð um heimsfriðinn. Ennfremur beri að efla norræna samvinnu og treysta menningar- og viðskiptatengsl við þessar náskyldu þjóðir. Á sviði viðskiptamála verði að því stefnt að auka viðskipti íslendinga við allar þjóðir, sem við þá vilja skipta. Þátttaka Íslands í aðstoð við þróunarlöndin verði aukin eftir því sem geta þjóðarinnar leyfir á hverjum tíma. Sjálfstæðisflokkurinn telur að reynslan hafi sannað, að aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu hafi verið nauðsynleg. Flokkurinn telur að í landinu þurfi að vera viðbúnaður til varna, ef á það yrði ráðist. Beri að haga þeim á hverjum tíma með hliðsjón af hagsmunum þjóðarinnar og friðarhorfum í heiminum. Aframhaldandi aðild Íslands að Atlantshafsbandaalaginu sé óhjákvæmileg eins og nu hérfir. Flokkurinn telur að æskilegt sé að nokkrir íslendingar verði styrktir til skólanáms á sviði varnamála, þannig að íslendingar verði sjálfir færari um að meta aðstöðu lands síns og varnarþörf á hverjum tíma.
10. Fræðslulöggjöfin verði með þeirri endurskoðun sem nú stendur yfir, löguð eftir kröfum tímans og sérstök rækt lögð við fræðslu um þjóðfélagsmál og grundvallaratriði hins lýðræðislega þjóðskipulags. Skólakerfið verði sveigjanlegt og opið, þannig að óeðlilegar hindranir fæli ekki æskufólk frá menntunarleit. Framhaldsmenntun verði fjölbreyttari og tengsl hennar við atvinnulífið stóraukin. Æskufólk i í öllum landshlutum verði tryggs sem jöfnust menntunaraðstaða. Fundurinn telur að hraða beri úrvinnslu tillagna Háskólanefndar um þróun og uppbyggingu Háskóla Íslands og hvetur til þess að þegar verði hafizt handa um nauðsynlegar aðgerðir þeim til framkvæmdar. Þar sem mikið ríður í nútíma þjóðfélagi á haldgóðri vísinda- og tæknipekkingu telur fundurinn að treysta beri sem bezt aðstöðu íslenzkra vísindamanna og hvers konar rannsóknarstofnana. Fundurinn fagnar því að ákveðin hefur verið Einkasjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarsjalasafn Reykjavíkur

fjölgun menntaskóla, þessi í péttbýli og strjálbýli og bætt aðstaða gagnfreðaskólanna til aukinnar menntunar.

11. Yfirstjórn heilbrigðismála verði endurskipulögð og haldið verði áfram að vinna að bættri heilbrigðispjónustu um land allt. Leitað verði allra úrræða til þess að bæta læknispjónustu í strjálbýlinu, m.a. með því að hagnýta löggjöf um læknamiðstöðvar, þar sem þær henta. Áætlanir verði gerðar til langs tíma um byggingu heilsuverndarstöðva, sjúkrahúsa, endurhæfingastöðva og ellihelmiða. Einkum er aðkallandi nú að flýtt verði stókkun kvensjúkdómadeildar Landsspítalans. Aukin verði freðsla í almennri heilsuvernd og sérstök áherzla lögð á freðslu um skaðsemi hverskonar nautnalyfja, sem leitt geta til heilsutjóns.
12. Haldið verði áfram að tryggja félagslegt öryggi með það fyrir augum að almannatryggingar eigi fyrst og fremst að tryggja velferð aldraðs fólks, öryrkja, einstæðra meðra og ekkna og barnmargra fjölskyldna. Hraðað verði stofnun lífeyrissjóða fyrir alla landsmenn.
13. Haldið verði uppi öflugum stuðningi við listir og bókmennir, annars vegar með því að bæta aðstöðu íslenzkra listamanna til þess að sinna skapandi lista- og menningarstarfi, og hins vegar með því að stuðla að sem víðtækastri dreifingu þeirra verka, sem íslenzkir listamenn skapa. Lögð verði rækt við aldagamla þjóðmenningu, kristilega lífsskoðun og eflingu menningarlegs sjálfstæðis þjóðarinnar, um leið og hún hagnýtir sér það bezta í alþjóðlegum menningarstraumum. Tollar verði felldir niður af bókagerðarefní og þannig stuðlað að þróttmikilli bókaútgáfu.

Flokkurinn fagnar því að tekist hefur á örskömmum tíma að koma sjónvarpi til mikils meirihluta íslenzkra heimila og telur mikilvægt að gera þetta nýja fjölmáluunartæki að þjóðlegu íslenzku menningartæki. Skólasjónvarpi verði hið fyrsta komið á í landinu. Stuðlað verði að auknu leiklistarstarfi með eflingu leikhúsa og félagsheimila, ásamt rekstri leiklistarskóla.

14. Haldið verði áfram að bæta skilyrði fyrir aukinn ferðamannastraum til landsins, og auka þar með gjaldeyristekjur af heimsóknum erlendra ferðamanna. Er það skoðun flokksins, að þjónusta við ferðamenn geti orðið mikilvæg og örðum atvinnugrein innan skamms tíma, ef rétt er á haldið.

15. Vinnulöggjöfin verði endurskoðuð m.a. í þeim tilgangi að koma í veg fyrir ótímabær verkföll og verkbönn, sem hafa í för með sér mikið tjón fyrir þjóðarheildina. Áherzla verði lögð á kjararannsóknir og margvíslega upplýsingarstarfsemi, sem stuðlað getur að vinnufriði og sáttum milli vinnu og fjármagns. Unnið verði að því að koma upp samstarfsnefndum í fyrirtækjum. Kannaðir verði möguleikar á setningu löggjafar um lágmarkslaun.
16. Ráðstafanir verði gerðar, er stuðli að lækkun byggingarkostnaðar. Öflugu lánsfjárkerfi verði haldið uppi með það höfuðsjónarmið fyrir augum, að stuðla að því að sérhver fjölskylda geti eignast húsnæði með viðráðanlegum kjörum. Tryggð verði jöfn aðstaða allra byggingaraðila varðandi lánsfé, en þó sérstaklega greitt fyrir þeim, sem byggja hagkvæmt og ódýrt. Notuð verði heimild laga um að veita skyldusparnaði forgangsaðstöðu við lánveitingar til íbúðabygginga.
17. Á sviði skattmála leggur flokkurinn áherzlu á nauðsyn þess að skattkerfið örvi myndun eigin fjármagns í fyrirtækjum og tryggt verði að íslenzk atvinnufyrirtæki búi eigi við óhagstæðari skatta til ríkis og sveitarfélaga en hliðstæð fyrirtæki í samkeppnislöndum okkar. Opinber fyrirtæki verði skattskyld til jafns við einkarekstur. Endurskoðar verði frádráttarreglur skattalaga, og tryggt að skattar komi sem réttlátast niður.
18. Á sviði samgöngumála leggur flokkurinn megináherzlu á að allar byggðir landsins verði hið skjótasta tengdar við heildar akvegakerfið og hraðað verði eftir fönnum framkvæmdum við hraðbrautagerð milli þeirra staða, þar sem umferð er mest. Hringvegi um landið verði lokið eins fljótt og tæknilegir og fjárhagslegir möguleikar leyfa. Einkaframtakið á sviði flugmála verði stutt eftir fremsta megni og innanlandsflugsamgöngur bættar. Stuðlað verði að uppbyggingu kaupskipaflotans í því skyni að gera siglingar Íslendinga fyrir aðrar þjóðir að verulegum þætti í íslenzkum þjóðarbúskap og gjaldeyrisöflun.
19. Rafvæðingu landsins verði lokið sem allra fyrst.
20. Landsfundurinn hefur fengið til athugunar álítsgerðir hinna sérstöku ráðstefna, sem að undanförnu hefur verið efnt til á vegum flokksins, eða einstakra samtaka hans,



# SJÁLFSTÆÐISFLOKKURINN

SKRIFSTOFUR SJÁLFSTÆÐISHÚSINU VID AUSTURVÖLL

## UTANRÍKISMÁLANEFND

---

Utanríkismál

Öryggismál.



# SJÁLFSTÆÐISFLOKKURINN

SKRIFSTOFUR: SJÁLFSTÆÐISHÚSINU VIÐ AUSTURVÖLL

## ALLSHERJARNEFND

Stjórnarskrármálið

Áfengismál.

Landsfundur Sjálfstæðisflokkssins

16.- 19. október 1969

i Sigtuni við Austurvöll

Reykjavík

I fondasíði heildar Þorbund umræða fálfundur  
Bjarna Benediktssonar & Þjóðvarðar Þyrle um  
Sjálfstæðisflokkur & Landflokksins. Þá fálfundur  
Sjálfstæðisflokkur og Sjálfstæðisflokkssins  
"væðir" hildi þessa á landflokksins meðföllum  
Slysavarmálastínu við Grindagá.

Í fyrstu eru ríkistofur Þorbunda umræða um  
þá fálfundur og meðalþóru.  
Meðfórum: Dr. Ruliður Ólafsson, stjórnunáldur,  
Ragnar Ólafsson, vötumálfundur.

Umræðan er ófálfundur.

Áhrifur umræðunnar.

## D A G S K R Á

### 16. október, fimmtudagur:

- Kl. 20,30 Fundarsetning í Háskólabíó.  
Ræða formanns Sjálfstæðisfloksins,  
dr. Bjarna Benediktssonar, forstætisráðherra.

### 17. október, föstudagur:

- 9,30-12,00 Kosning í nefndir landsfundarins.

#### 11 Atvinnumálin.

Frummælendur: Magnús Magnússon, prófessor,  
Guðmundur Magnússon, prófessor.

Ræður um einstaka atvinnuvegi flytja:

Jóhann Hafstein, dómsmálaráðherra,  
(Iðnaðarmál)

Ingólfur Jónsson, landbúnaðarráðherra,  
(Landbúnaðarmál)

Sverrir Júliusson, alþingismaður,  
(Sjávarútvegsmál)

Ólafur Björnsson, prófessor,  
(verzlunarmál)

- 14,00-15,30 Umræður um atvinnumálin.

## H L É

Í fundarhléi heldur Samband ungra Sjálfstæðismanna kaffisamsæti í Tjarnarbúð fyrir unga Sjálfstæðismenn á Landsfundinum. - Landssamband Sjálfstæðiskvenna og Sjálfstæðiskvennafélagið "Hvöt" halda konum á landsfundi kaffisamsæti í Slysavarnarhúsinu við Grandagarð.

- 16,00-18,30 Frá ráðstefnu Sambands ungra Sjálfstæðismanna um rannsóknir og tækniþróun.  
Ræðumenn: Dr. Halldór Eliasson, stærðfræðingur,  
Þorvaldur Búason, eðlisfræðingur.
- 18,00-19,00 Almennar umræður.
- 20,30 Almennar umræður.

18. október, laugardagur:

- Kl. 10,00-12,00 Nefndir atvinnustétt starfa.
- 14,00-16,00 Starfsemi floksins - greinargerð framkvæmdarstjóra.  
Skipulagsmál floksins - tillögur til breyttinga á skipulagsreglum floksins.

Framsögunaður:

Umræður.

H L E

Kjördæmanefndir starfa - kaffiveitingar.

- 17,00-18,30 Stjórnsmálayfirlýsing - nefndarálit - umræður.
- 20,00 Leiksýning í Þjóðleikhúsinu.

19. október, sunnudagur:

- 10,00-12,00 Tillögur um breytingar á skipulagsreglum floksins - umræður - afgreiðsla.
- 13,30 Afhjúpun myndastyttu af Ólafi Thors við Tjörnina fyrir framan ráðherrabústaðinn í Tjarnargötum.
- 14,00 Kosning miðstjórnar.  
Stjórnsmálayfirlýsing - umræður - afgreiðsla.
- Fundarslit.
- 20,30 Kvöldfagnaður fyrir landsfundarfulltrúa í Sigtúni við Austurvöll, Hótel Borg og Hótel Sögu.

Rekstur Sjálfstæðisfloksins.

Um þessar mundir aukast mjög fjárhagserfiðleikar floksins. Í febrúar s.l. vakti ég sérstaklega athygli varaformanns floksins á þessu ástandi og sendi honum skýrslu um málið dags. 19. febrúar s.l. í skýrslu þessari er greint frá þróun mála í þessu efni síðustu misserin. Þar er bent á, hver alvara er hér á ferðum og hve uggvænlega horfir um starfsemi floksins vegna fjárhagserfiðleika.

Ekkert hefir rætzt úr þessum málum. Kostnaður vegna borgarstjórnarkosninganna kemur nú til með að leggjast með auknum þunga á flokkinn. Hins vegar verður nokkur bið á, að tekjur af fyrirhuguðu happdrætti komi í gagnið. Ef floknum berast ekki stóraukin framlög frá styrktarmönnum sínum nú á næstu vikum, stefnir í hreint óefni.

Til að firra vandræðum í bili, meðan unnið er að því að auka tekjur floksins, er nauðsynlegt að taka nú lán til rekstursins að upphæð allt að 2 millj. kr.

Til áréttингar þessu fylgir hér með framangreind skýrsla um rekstur Sjálfstæðisfloksins dags. 19. febr. s.l.

19. mars 1970,

*Bjarni Benediktsson*

## REKSTUR SJÁLFSTÆÐISFLOKKSINS

Síðan 1967 hafa fjárhagserfiðleikar hamlað rekstri flokksins meir en áður var og eðlilegt má telja. Í skýrslum um rekstur Sjálfstæðisflokksins dags. 3/12 1967, 13/3 1968 og 15/4 1968 hefi ég gert grein fyrir máli þessu. Þar er dregin fram þróunin í tekjuöflun flokksins og reksturskostnaður hans allt frá og með árinu 1958. Gerð er grein fyrir orsökum fjárhagserfiðleika flokksins og eðli vandamálsins og settar eru fram hugmyndir til úrbóta.

Ekkert hefir rætzt úr máli þessu á síðustu misserum, þ.e. varðandi sjálfan rekstursgrundvöll flokksins, þó að miklar eignahreyfingar hafi átt sér stað í sambandi við sölu Sjálfstæðishússins, Thorvaldsensstræti 2 og við kaup á Laufásvegi 46.

### Viðbótarupplýsingar.

Þessu til skýringar er hér sett fram viðbót við töflur í framangreindri skýrslu um rekstur Sjálfstæðisflokksins dags. 3/12 1967 (Tölur fyrir árið 1969 eru bráðabirgðatölur).

Við töflu á bls. 1 :

#### Tekjur:

<u>Ár:</u>	<u>Framlög:</u>	<u>Happdrætti:</u>	<u>Alls:</u>
1967	5.144.914,37	4.310.925,20	9.455.839,57
1968	3.797.531,15	1.645.893,15	5.443.424,30
1969	4.453.232,10	1.389.860,00	5.843.092,10

Við töflu á bls. 2 :

#### Greiðsluyfirlit:

<u>Ár:</u>	<u>Almennur kostn.</u>	<u>Sérkostn.</u>	<u>Kosningar</u>	<u>Alls</u>
1967	5.676.560,77	425.700,00	4.480.395,92	10.582.656,69
1968	5.409.815,46	103.467,04	541.694,93	6.054.977,43
1969	5.276.438,10	102.925,00		5.379.363,10

Við töflu á bls. 3 :

	Laun í aðalskrif.		Erindr.		Verkalýðs- mál		Fulltrúa- ráðið		S.U.S.		Banka- kostn.	
	pús. kr.	%	pús. kr.	%	pús. kr.	%	pús. kr.	%	pús. kr.	%	pús. kr.	%
1967	935	16,4	235	12,9	310	5,4	475	8,3	228	4,0	422	7,4
1968	917	16,9	698	12,9	356	6,5	466	8,6	250	4,6	279,	5,1

Tekjur og reksturskostnaður

Af framangreindu má marka meðal annars, að tekjur flokksins af framlögum 3 síðustu ár, 1967-1969, nema samtals kr. 13.395.677,62 eða að meðaltali á ári kr. 4.465.225,84. En næstu 3 ár þar á undan, 1964-1966, námu framlög til flokksins samtals kr. 14.178.703,34, eða að meðaltali á ári kr. 4.726.234,45. Það er augljóst, að með þessari þróun í tekjuöflun flokksins stefnir í algjört óefni. Hér er um beina tölulega lækkun framlaganna að ræða. En þótt framlögin hefðu staðið í sömu upphæð og áður, væri raunverulega um stórkostlega lækkun að ræða miðað við raungildi peninganna.

Önnur tekjuöflun hefir ekki bætt floknum upp þann samdrátt, sem orðið hefir í framlögunum, þar sem happdrættistekjur hafa einnig minkað að raungildi. Að vísu hafa happdrættistekjur ekki lækkað tölulega, ef borin eru saman 3 síðustu ár miðað við 3 árin á undan. Á árunum 1967-1969 námu tekjur flokksins af happdrættum samtals kr. 7.346.678,35 eða að meðaltali á ári kr. 2.642.226,12. En árin 1964-1966 námu happdrættistekjur kr. 6.841.531,05 eða að meðaltali á ári kr. 2.280.510,35. Þessi tölulega hækkan á happdrættistekjunum er svo smávægileg, að hvergi nærri hrekkur til að vega á móti minnkuðu raungildi peninganna.

Það er athyglivert, að heildartekjur flokksins bæði af framlögum og happdrætti námu árið 1969 kr. 5.843.092,10 og þarf að leita aftur til ársins 1962 til að finna tölulega lægri árstekjur, svo að nokkru verulegu nemí.

Afleiðing hinnar döpurlegu þróunar í tekjuöflun flokksins hefir orðið sú, að rekstur flokksins hefir dregizt saman. Þetta hefir meðal annars komið fram í því, að fækkað hefir verið um 1 mann á aðalskrifstofu flokksins og lagðar niður 3 erindrekastöður úti á landi. Með þessum hætti og öðrum sparnaði hefir hinum almenna reksturskostnaði verið haldið niðri, svo að hann var árið 1969 lægri en árið 1965. Kveður svo rammt af þessum aðgerðum, að samkvæmt greiðsluyfirliti var heildareksturskostnaður flokksins 1969 kr. 5.379.363,10 og þarf að fara allt til ársins 1961 til að finna lægri reksturskostnað hjá flokknum.

Kaup og sala

A árinu 1968 fór fram sala Sjálfstæðishússins, Thorvaldsensstræti 2, og kaupin á Laufásvegi 46. Til skýringar á þeim eignabreytingum og ráðstöfunum á skuldamálum flokksins, sem fram fóru í sambandi við kaup og sölu þessara fasteigna, er sett fram eftirfarandi yfirlit:

Söluverð Thorv.str. 2	kr. 16.243.000,00
Innb. vextir o.fl.	<u>- 103.130,50</u> kr. 16.346.130,50
Tekindián skuldir	<u>- 5.648.555,52</u>
	Kr. 21.994.686,02
Greiddar skuldir	kr. 15.899.432,51
Kaupverð Galtafell	kr. 5.700.000,00
Kostn. v/ Galtafell	<u>- 264.668,52</u> - 5.964.668,52
Óráðstafað	<u>130.584,99</u>
	Kr. 21.994.686,02

Allar skuldir flokksins í lánastofnunum voru greiddar upp, en þær námu kr. 15.899.432,51. Hér er um 2,3 millj. kr.

hærri upphæð að ræða en skuldir flokksins í lána-stofnunum numu 31. janúar 1968 skv. framangreindri skýrslu minni dags. 13/3 1968. Þessi munur, 2,3 millj. kr., liggar í rekstrarhalla flokksins 1968, vaxtagreiðslum við uppgjör skuldanna, sem ekki eru færðar á reksturskostnað flokksins 1968, og yfirtöku á skuldum Heimdallar út af eftirköstum vegna framkvæmda félagsins í kjallara Valhallar við Suðurgötu.

Jafnframt, sem greidd voru framangreind lán, tók flokkurinn á sig skuldbindingar í formi nýrra lána að upphæð kr. 5.648.555,52, er greindust þannig:

Handhafabréf	Kr. 2.000.000,oo
Handhafabréf	- 1.700.000,oo
Víxill, Verzlunarbankinn,	- 900.000,oo
Víxill, Verzlunarbankinn,	- 400.000,oo
Ávis.reikn. 70742, Verzl.b.	- 648.555,52
	<hr/>
	Kr. 5.648.555,52

Handhafabréfin eru með veði í Laufásvegi 46 og er annað, 2 millj. kr., í eign Verzlunarbankans, en hitt, 1.7 millj. kr. í eigu seljanda hússins.

A yfirlitinu hér að framan er tilgreint sem óráð-stafað kr. 130.584,99. Þessari upphæð er nú að fullu ráðstafað til viðgerðar á Laufásvegi 46 utanhúss. En því verki er ekki enn lokið og ekki öll kurl komin til grafar.

#### Ástandið í dag

Hinn 31. janúar 1970 voru skuldir flokksins sem hér segir:

Fasteignalán:

Handhafabréf	Kr. 2.000.000,oo
Handhafabréf	" <u>1.700.000,oo</u> Kr. 3.700.000,oo

Víxillán:

Víxill Verzlunarbanka	Kr. 900.000,oo
Víxill Verzlunarbanka	" 400.000,oo
Víxill Iðnaðarbanka	" 50.000,oo
Víxill Iðnaðarbanka	<u>" 150.000,oo</u> Kr. 1.450.000,oo
Ávísanareikn. nr.70742, Verzl.banka	Kr. 13.663,4o
Ýmsir reikningar og lausaskuldir	ca. Kr. 1.000.000,oo
Akur h.f., Ak.	Kr. 234.000,oo
	<hr/>
	Kr. 6.397.663,4o

Handhafabréfið, kr. 2.000.000,oo, er til 10 ára með hæztu lögleyfðum fasteignalánavöxtum. Er nú ógreidd gjaldfallin afborgun af því og vextir um kr. 160.000,oo. Handhafabréf, kr. 1.700.000,oo, er til 7 ára með 8 % vöxtum. Ógreidd er af því gjaldfallin afborgun og vextir kr. 380.000,oo.

En auk gjaldfallinna afborgana af föstum lánum þarf einhver skil að gera á næstunni á víxillánum flokksins. Verst er þó af öllu vanskil flokksins við ýmsa aðila, sem nema ca. 1 millj. kr., svo sem að framan greinir. Eru þessi vanskil í ýmsum tilfellum til vansa fyrir flokkinn.

Nú standa yfir lagfæringar á efri hæð Laufásvegar 46 og fyrirhugað að taka það húsnæði í notkun á næstunni. Dessað aðgerðir kosta sennilega 400-500 þús. kr. Hér er ekki meðtalinn kostnaður við viðgerð hússins að utan, sem áður er vikið að, og skal ekki hér spáð um greiðslubyrði þá, sem það skapar floknum.

Dó ekki kæmi til annað en það, sem hér að framan greinir, þolir nú enga bið, að gert verði átak til að bæta úr fjárhagserfiðleikum flokksins. En hér er þó enn ótalið, að framundan eru sveitarstjórnarkosningar. Áætlað hefir verið, að kostnaður vegna borgarstjórnarkosninganna í Reykjavík muni nú nema rúmlega 5 millj. kr. Þetta er

kostnaður, sem flokkurinn þarf að venju að standa undir. Þegar saman fer vandræðaástand í dag og fyrirsjáanleg fjárbörf vegna kosninganna, fer ekki hjá því að taka þarf til hendi til úrbóta.

#### Orsakir og úrbætur

Orsakir þeirra fjárhagserfiðleika floksins, sem hér hefir verið lýst, eru þær, að tekjustofnar hans gefa minna en áður. Sérstaklega hafa framlög til floksins gengið saman. Hér er um að ræða tölulega lækkun á framlögunum, svo að ekki sé talað um lækkun þeirra miðað við raungildi peninganna. Þetta er nógum alvarlegt.

En hér er ekki einungis um að ræða, að stuðningsmannakerfið skili minni árangri en áður, heldur er kerfið sjálft að ganga saman og mun veslast upp, ef svo heldur áfram, sem stefnt hefir síðustu árin. Þessu til skýringar skal bent á, að þeir aðilar, sem leggja fram til floksins, voru árið 1960 225 að tölu, en árið 1969 173 eða fækkaði á þessu tímabili um 52. Að síðustu 2 árum fækkaði þessum aðilum um 41.

Úrbætur í þessum efnunum hljóta að vera fólgunar í eflingu þeirra tekjustofna floksins, sem fyrir eru og með tilkomu nýrra tekjustofna. Hér má ekki gæla við þá hugsun, að úrræðið sé að minnka kostnað floksins. Að sjálfsögðu þarf að gæta fyllsta sparnaðar, sem felst í hugkvænni, hagsýni og hagræðingu í rekstrinum, en starfsemin má ekki minnka, heldur þarf hún að aukast og það býðir ekki minni kostnað heldur meiri.

Um leiðir til úrbóta í fjárhagserfiðleikum floksins visast til framangreindrar skýrslu minnar dags. 15/4 1968. Til viðbótar skal lýst þeirri skoðun, að rétt sé, að styrkir úr ríkissjóði gangi beint til stjórnmálaflokkanna sjálfrá, en ekki til dagblaðanna, ef hverfa þarf að því ráði, að ríkisvaldið styðji starfsemi flokkanna með fjárfamlögum.

Hjálagt fylgja afrit af skýrslum mínum um  
rekstur Sjálfstæðisfloksins, sem áður hafa verið  
sendar formanni floksins, b.e.

- 1) skýrsla dags. 3. desember 1967
- 2) skýrsla dags. 13. marz 1968
- 3) skýrsla dags. 15. apríl 1968.

19. febrúar 1970.

*Ronaldur Garðstríðfáni*